



Fréttatilkynning
frá
skrifstofu forseta Íslands

HEILLAÓSKIR TIL FORSETA BANDARÍKJANNA

Forseti Íslands, Halla Tómasdóttir, hefur sent Donald Trump heillaóskir frá sér og íslensku þjóðinni vegna innsetningar hans í embætti forseta Bandaríkjanna. Trump var kjörinn forseti í annað sinn í kosningum þann 5. nóvember 2024 og fer embættistakan fram í dag, mánudaginn 20. janúar.

Í bréfinu fagnar forseti farsælu stjórnmalasambandi ríkjanna um áratuga skeið og áréttar að sem stofnaðilar að Atlantshafsbandalaginu deili Ísland og Bandaríkin bæði sameiginlegum gildum og hagsmunum. „Við Íslendingar metum mikils vináttu okkar við Bandaríkjamenn og sívaxandi gagnkvæm tengsl, meðal annars á sviði viðskipta, menntunar, menningar og ferðaþjónustu,“ segir í bréfinu.

Forseti vekur máls á því að Ísland njóti þeirrar gæfu að teljast friðsælasta land heims og vilji beita sínum áhrifum til góðra verka. Þá minnst forseti leiðtogafundarins í Höfða þegar Ísland varð vettvangur sögulegra viðræðna milli Ronalds Reagans og Mikáíls Gorbatsjovs í tilraun þeirra til að binda enda á kalda stríðið.

Enn sé ákall eftir friði í heiminum og nú sem fyrr þurfi til þess alþjóðlega skuldbindingu. Sjálf sé hún ævinlega reiðubúin að styðja við einlæga viðleitni til að stuðla að friði og réttlæti.

Að lokum segist forseti hlakka til áframhaldandi farsæls samstarfs milli þjóðanna og óskar Donald Trump velfarnaðar í embætti sem forseti Bandaríkjanna.

20. janúar 2025

Nánari upplýsingar veitir skrifstofa forseta Íslands (540 4400).